

VEIÐIMÁLASTOFNUN

Veiðinýting • Lífríki í ám og vötnum • Rannsóknir • Ráðgjöf

Staðará í Steingrímsfirði. Seiðabúskapur og stangaveiði 2001

Sigurður Már Einarsson 2002.

Veiðimálastofnun Borgarnesi VMST-V/0208

Unnið fyrir Veiðifélag Staðarár

Efnisyfirlit

	Bls
Inngangur	1
Aðferðir	1
Niðurstöður	2
Stangaveiðin árið 2001	2
Seiðabúskapur	4
Umræður	5
Heimildaskrá	6
<u>Töflur:</u>	
Tafla 1. Laxveiðin í Staðará 2001.	3
Tafla 2. Seiðavísitala 10 október 2001.	4
Tafla 3. Samanburður á seiðavísitölu 1980 til 2001.	5
<u>Myndir:</u>	
Mynd 1. Vikuleg lax – og bleikjuveiði í Staðará 2001.	2
Mynd 2. Þyngdardreifing laxa í Staðará 2001.	3
Mynd 3. Laxveiði í Staðará 1974-2001.	4

Inngangur

Í þessari skýrslu verðu gerð grein fyrir rannsóknum á seiðabúskap Staðarár í Steingrímsfirði sem fram fóru í byrjun október 2001. Einnig fjallað veiðina í Staðará 2001, þróun veiða síðari ár og fiskræktarmál.

Lax og bleikja eru ríkjandi tegundir í Staðará. Rannsóknir hafa af og til verið stundaðar á tegundasamsetningu og seiðamagni en samfelldar athuganir liggja ekki fyrir (Sigurður Már Einarsson 1986, 1990 og 1999, Þórir Dan Jónsson 1992).

Fyrri athuganir hafa leitt í ljós að Staðará er dæmigerð á Vestfjörðum, fremur köld og efnasnauð en slík skilyrði er bleikjan hæfust til að nýta sér. Laxastofn er þó til staðar en magn lax í ánni sveiflast verulega, eins og algengt er á landsvæðum sem teljast verða til jaðarsvæða fyrir útbreiðslu á laxi.

Í athugun sem gerð var haustið 1998 (Sigurður Már Einarsson 1999) reyndist seiðamagn í ánni fremur lítið og talið hugsanlegt að hrygningarstofn árinna hefði verið of lítill til að fullnýta hrygningarsvæðin í ánni. Því var m.a. bent á þá leið að loka efri hluta árinna fyrir veiði, en búsvæðin á þeim hluta árinna eru einkum laxabúsvæði. og hefur Veiðifélag Staðarár ekki leyft veiði í Staðará ofan við Aratunguá frá árinu 1999.

Aðferðir

Seiðabúskapur Staðará var kannaður með rafveiðum þann 10 október árið 2001. Veitt var á tveimur stöðum, þ.e. á móts við Kleppustaði og neðan við Aratunguána. Farin var ein rafveiðiumferð á hvorri stöð og seiði sem veiddust safnað í fötu og þau síðan lengdarmæld (sílingarlengd, $\pm 0,1$ cm) og þyngdarmæld ($\pm 0,1$ g). Ekin voru sýni af hreistri og kvörnum til aldursgreininga og aldur seiða skráður sem 0+, 1+, 2+ o.s.frv. Við úrvinnslu var seiðamagn umreiknað á 100 m² til að einfalda samanburð á milli stöðva og ára. Aðeins hluti seiða veiðist í fyrstu yfirferð og því eru útreikningar á seiðapéttleika eftir eina umferð eins konar seiðavísitala á seiðamagnið.


Stangaveiðin var skráð í veiðibók, þar sem lengd, þyngd, kyn, veiðidagur, veiðistaður og agn er skráð fyrir veidda fiska.

Niðurstöður

Stangaveiðin árið 2001

Í Staðará er leyfð veiði með 2 stöngum og er leyfilegt agn maðkur og fluga. Ánni er skipt í efra og neðra svæði frá sjávarós og upp að Aratunguá, en veiðar eru ekki leyfðar þar fyrir ofan.

Árið 2001 veiddust alls 275 bleikjur og 41 lax (Mynd 1). Bleikjan fór að veiðast vikuna 15.-21. júlí en mesti bleikjuaflinn kom í vikunni 5.-11 ágúst en þá veiddust ríflega 70 bleikjur. Lax var að reitast allt sumarið en mesta veiðin varð 22.-28 júlí en þá voru 12 laxar bókaðir, en mun færri laxar veiddust í öðrum vikum veiðitímabilsins (mynd 1).




Mynd 1. Vikuleg lax- og bleikjuveiði í Staðará sumarið 2001.

Eins árs lax úr sjó bar uppí laxveiðina í Staðará en alls komu 32 laxar slíkir á land eða 78% veiðinnar. Einnig veiddust 9 tveggja ára laxar (stórlaxar) eða 12% veiðinnar. Hængar voru í meirihluta hjá smálaxi en hrygnurnar hjá stórlaxinum. Meðalþyngd á smálaxi var 2,63 kg, stórlaxinn vó að meðaltali 6,17 kg en meðallaxinn var 3,4 kg þyngd úr Staðará sumarið 2001 (tafla 1).

Tafla 1. Laxveiðin í Staðará sumarið 2001. Veiðinni er skipt upp eftir árafjölda í sjó og kyni. Þeir laxar sem ekki voru kyngreindir í veiðibók eru uppreiknaðir í réttan hóp eftir hlutföllum.


Ár í sjó	Hængar			Hrygnur			Samtals	
	Fjöldi	Meðalþ	%	Fjöldi	Meðalþ	%	Fjöldi	Meðalþ
1	21	2,69	65,6	11	2,44	34,4	32	2,63
2	3	6,66	33,3	6	5,92	66,7	9	6,17
Samtals	24	3,36	58,5	17	3,62	41,5	41	3,40

Laxarnir í Staðará voru frá 1,5 – 8,0 kg að þyngd (mynd 2), en stærstu laxarnir voru 8,0 kg fiskar sem veiddust 15 og 24 júlí á Staðarbakka og Fossum.



Mynd 2. Þyngdardreifing laxa sem veiddust í Staðará sumarið 2001.

Laxveiðin í Staðará hefur verið mjög sveiflukennd (mynd 3) og árin 1974 til 2001 fór veiðin lægst 6 fiska árið 1999 en mesta skráða veiðin á þessu tímabili urðu 169 laxar árið 1993. Meðalveiðin árin 1974 til 2001 var þannig 64 laxar (Guðni Guðbergsson 2002).



Mynd 3. Laxveiði í Staðará 1974 – 2001.

Seiðabúskapur

Seiðabúskapur var kannaður á tveimur stöðum (tafla 2) á efri hluta árinna og reyndust laxaseiði ríkjandi á veiðistöðum, en einnig varð vart við bleikju á neðri stöðinni. Magn laxaseiða var áþekkt á milli veiðistaða, en seiðapéttleikinn reyndist lágur í ánni. Engin vorgömul seiði veiddust úr hrygningu haustið 2000, en vart við aldurshópa 1+, 2+ og 3+. Slæm skilyrði voru til seiðamælinga, nokkuð mikið vatn í ánni og áin lítillaga skollituð.

Seiðamagn í Staðará reyndist svipað og við mælingu haustið 1998 (tafla 3) en seiðamagn í ánni hefur almennt mælst í þeim mælingum sem gerðar hafa verið í ánni.

Tafla 2. Vísitala seiðapéttleika (fjöldi í einni yfirferð á 100 m²) í Staðará 10. október 2001.

Veiðistaður	Svæði m ²	Lax						Bleikja alls
		0+	1+	2+	3+	4+	Alls	
Kleppustaðir	203		0,5	0,5	0,5		1,5	0,0
F.n Aratunguá	200		1,0	1,5	0,5		3,0	2,5
Allar	403		0,7	1,0	0,5		2,2	1,2

Tafla 3 Samanburður á vísitölu þéttleika laxaseiða í Staðará árin 1980 – 2001.

Ár	Stærð svæða m ²	Þéttleiki seiða/100 m ²						
		0+	1+	2+	3+	4+	5+	Alls
1980	882			5,6	5,4	0,1		11,1
1982	1225		2,0	0,6	0,2	1,1	0,4	4,3
1985	4212		0,5			0,3	0,1	0,9
1990	1681	0,8	1,2	1,1	0,2	0,1		3,4
1998	714	0,3	0,8	0,3	0,2	0,8		2,4
2001	403		0,7	1,0	0,5			2,2

Umræður

Laxveiðin í Staðará árið 2001 var nokkuð undir langtíma meðalveiði í ánni (Guðni Guðbergsson 2001) en laxveiði var almennt slök á landinu árið 2001 og varð um 14,6% minni en meðalveiði árána 1974 – 2000. Söfnun veiðiskýrsla úr Staðará hefur verið ýmsum vandkvæðum bundin síðustu árin og skýrslur um veiðina oft borist seint úr ánni. Veiðitölur eru oft notaðar til að meta verðmæti ána til veiða og skiptingu arðs milli veiðiréttarhafa og eru jafnframt hornsteinn við rannsóknir á fiskistofnum og við mat á árangri verndunar og fiskræktaraðgerða. Nákvæm skráning á veiði er því forsenda fyrir markvissu starfi við nýtingu og ræktun árunnar.

Fyrir var víkið að verulegum sveiflum í laxveiðinni í Staðará og ljóst að síðustu árin virðast veiðitölur benda þverrandi laxgengdar. Sé litið á þróun laxgengdar og laxveiða í íslensk vatnsföll undanfarna áratugi þá hefur komið fram að stórlaxagengd hefur stórlega dregist saman í íslensk vatnsföll (Þórólfur Antonsson o.fl.2002) sem gerðist skyndilega árin 1981-1983 en síðan hefur orðið hægfara hnignun eftir það. Ekki hefur hins vegar orðið vart við samdrátt í smálaxagengd. Laxastofn Staðará hefur fremur hátt hlutfall af stórlaxi, en stórlaxahvarfið er einkum tilfinnanlegt í slíkum vatnsföllum og vatnsföll á Norðurlandi og Austurlandi hafa einkum orðið fyrir barðinu á þessari þróun. Tilgátur hafa komið fram um að þessi þróun hafi orðið vegna versnandi umhverfisskilyrða við Grænland, en þar er þekkt ætisslóð stórlaxa.

Niðurstöður sýna að seiðamagn í Staðará er lágt á flatareiningu hin síðari ár og því var gerð tilraun sem miðaði að friðun búsvæða á efri hluta árinna, en þessi búsvæði hafa góð ytri skilyrði í botngerð og straumlagi fyrir framleiðslu laxaseiða. Seiðamælingar haustið 2001 virtust ekki sýna sjáanlega breytingu á þessu seiðamagni, en bent er á að mælingin var gerð við erfiðar umhverfisaðstæður sem kann að hafa valdið of lágu stofnstærðarmati. Nýlegar athuganir hafa sýnt að veiðiálag í stangveiði

getur verið mjög hátt í íslenskum ám. Nýlegar athuganir í Krossá á Skarðsströnd og Vesturdalsá í Vopnafirði sýna að veiðiálag á smálax er 55 – 65% og á stórlax um 75% (Þórólfur Antonsson o.fl.2002). Sömu athuganir benda til að stærð hrygningarstofnsins í þessum ám þurfi að vera um 1 hrogn á hvern færmeter í ánum til að tryggja lágmarks nýtingu búsvæðanna. Í Staðará er ekki vitað um veiðiálagið í ánni. Þá hafa búsvæði árinna ekki verið kortlögð nákvæmlega. Það eina sem unnt er að styðjast við eru því mælingar á seiðabúskap sem af og til hafa verið framkvæmdar í ánni, en komið hefur fram að seiðamagn virðist slakt undanfarin ár og sú friðun sem beitt hefur verið ofan við Aratunguá virðist ekki hafa leitt til aukningar á seiðamagni. Lagt er til að seiðamælingin verði endurtekin sumarið 2002 og nákvæm athugun gerð á seiðamagni árinna á öllum fiskgenga hluta árinna í ljósi erfiðra umhverfisskilyrða við mælinguna haustið 2001.

Þær mælingar sem hafa verið gerðar á seiðamagninu undanfarin ár benda hins vegar sem fyrr til að ganga þurfi varlega um þessa auðlind og hrygningarstofn árinna kann að vera of lítill í sumum árum. Margar leiðir eru til þess og hefur veiðifélagið reynt eina þeirra með friðum efsta svæðisins í ánni. Margar fleiri leiðir eru mögulegar t.d. leyfa sum veiðifélög eingöngu fluguveiði, margir veiðimenn kjósa að veiða og sleppa svo nokkuð sé nefnt.

Heimildaskrá

Guðni Guðbergsson 2002. Lax – og silungsveiðin 2000. Veiðimálastofnun. Skýrsla. VMST-R/0207. 27 bls.

Sigurður Már Einarsson 1986. Fiskirannsóknir í Staðará í Steingrímsfirði. Framvinduskýrsla. Veiðimálastofnun. Vesturlandsdeild. VMST-V/86006. 12 bls.

Sigurður Már Einarsson 1991. Staðará í Steingrímsfirði. Fiskirannsóknir 1990. Veiðimálastofnun. Vesturlandsdeild. VMST-V/91009X.

Sigurður Már Einarsson 1999. Rannsóknir í Staðará árið 1998. Veiðimálastofnun Borgarnesi. VMST-V/99011X. 7 bls.

Þórir Dan Jónsson 1982. Staðará í Steingrímsfirði. Umsögn vegna framkvæmda Vegagerðarinnar árin 1981-1982. 10 bls.

Þórólfur Antonsson, Sigurður Már Einarsson og Sigurður Guðjónsson 2002. Veiðiálag, stærð hrygningarstofns og nýliðun í litlum ám. Veiðimálastofnun Reykjavík. VMST-R/0204. 31 bls.